

Guðrún Erla Geirsdóttir við uppsetningu sýningarinnar. Ljósm. – Atli.

*Borealis í Norræna húsinu:*

# Dulúð og einstaklingshyggja

**Nú um helgina er opnuð á Kjarvalsstöðum sýning BOREALIS, norrænar mundir 1983, sem er farandsýning á verkum 16 norrænna listamanna. Alls eru um 140 verk á sýningunni, sem fyrst var sett upp í Helsinki og hefur síðan verið ár á leiðinni um Norðurlönd en endar hér á Íslandi. Það er Norræna listamiðstöðin í Sveaborg, sem stendur að sýningunni.**

Íslensku listamennirnir á sýningunni eru **Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn** og **Magnús Tómasson.** Sýningin er mjög fjölbreytt og Magnús var að því spurður, hver væri samnefnari hennar.

„Það var sænski myndlistarmaðurinn Tage Martin Hörling, sem valdi myndirnar í samvinnu við þjóðardeildir Norræna myndlistarbandalagsins..En samnefnarinn – ég veit ekki hver hann er. Hörling mun helst hafa áhuga á listamönnum, sem fylgdu fígúratívri línu, væru nokkuð svo dulúðugir og tengdir goðsagnaminnum. Ekki hefur þetta allt eftir gengið: má vera að sá sem valdi hafi að lokum hafnað með norræna einstaklingshyggjumenn í listum fyrst og fremst, þá sem eru ekki mjög hallir undir tískustefnur".

Við opnun sýningarinnar kl 14 í dag laugardag flytur Sigrún Guðjónsdóttir, fulltrúi FÍM í stjórn Sveaborgar, ávarp og segir frá starfsemi stofnunarinnar. Sýningin er opin til 23. apríl.

**áb**



16 norrænir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni. Gunnar Örn er hér að ganga frá einu verkanna. Ljós.–Atli.


# PÁSKATILBOÐ KRON

Við bjóðum viðskiptavinum 10% afslátt af öllum viðskiptum í verslunum okkar fram að páskum.

**STÓRMARKAÐURINN**
Skemmuvegi 4a

**DOMUS**
Laugavegi 91

KRON Fellagörðum
KRON Snorrabraut
KRON Stakkahlíð
KRON Dunhaga

KRON Tunguvegi
KRON Langholtsvegi
KRON Hlíðarvegi

KRON KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

# Húsgagnasýning

*um helgina, kl. 1 – 5 báða dagana.*
*Markmið okkar er að selja bestu húsgögnin, á besta verðinu.*

VÖNDUÐ · VARANLEG · TM · HÚSGÖGN

**TM-húsgögn**
**Síðumúla**

# CORSA

AUTO 84




OPEL

**NÝR BÍLL FRÁ OPEL**
Opel Corsa hefur hlotið mikið lof fyrir frábæra akstursseiginleika, lipurð, kraft og hagkvæmni.

**BIFREIÐADEILD SAMBANDSINS** GM OPEL

HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 687300 GÆÐAEFTIRLIT MEÐ GÆÐAVÖRUM